

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. maí 2016 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-101/2015:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 29. desember sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir í tengslum við kaup á bílþvotti, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði sér skaðabætur vegna tjóns sem varð á þaki bifreiðar hans.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 8. janúar sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 27. janúar. Með bréfi, dags. 3. febrúar, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 23. febrúar. Með bréfi, dags. 7. mars, var seljanda gefinn kostur á frekari andsvörum og frestur til að skila þeim til 21. mars. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 23. maí, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að hinn 16. desember 2015 fór álitsbeiðandi með bifreiðina xx-000 á þvottastöð seljanda. Segir álitsbeiðandi að þegar bifreiðin fór í gegnum þvottastöðina hafi heyrst harkalegur skellur þegar að þvottaáhold þvoði þak bifreiðarinnar. Stuttu eftir þvottinn komu í ljós samhverfar rákir á þaki bifreiðarinnar. Leitaði álitsbeiðandi til seljanda en forsvarsmaður félagsins neitaði að það bæri ábyrgð á rispunum, en benti álitsbeiðanda engu að síður á að leita til fagmanns. Segir álitsbeiðandi að mat sérfræðings á réttunga- og sprautuverkstæði sé það, að rákirnar á þakinu séu tilkomnar vegna þess að burstahár hafi verið hlaðin óhreinindum, líklega tjöruögnum, sem hafi náð að rispa þakið. Taldi sérfræðingurinn að ekki yrði hægt að lagfæra dýpstu rákirnar á þakinu öðru vísi en að heilmála þakið. Segist álitsbeiðandi hafa leitað til forsvarsmanns seljanda sem mun hafa sagst ætla að ræða við matsmann um málið, en ekkert benti til þess að það hafi verið gert. Krefst álitsbeiðandi þess að seljandi beri þann kostnað sem lagfæring á þaki bifreiðar hans muni kosta.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af áliti starfsmanns réttingar- og sprautuverkstæðis á tjóni á þaki bifreiðar álitsbeiðanda. Eins fylgja ljósmyndir af þaki bifreiðarinnar, sem og afrit af kvittun vegna kaupa á þvottaþjónustu af seljanda, dags. 16. desember 2015.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda segir m.a. að þann dag sem bifreið álitsbeiðanda fór í gegnum þvottastöð seljanda, hafi 308 aðrar bifreiðar einnig farið í gegnum stöðina, án þess að upp kæmu vandamál. Segir seljandi að þvottastöðin nemi bifreiðina, sem sé færð í gegnum þvottastöðina á færibaldi. Sé bílstjóra útlagt að flauta ef honum finnst eitthvað óeðlilegt gerast á ferðinni í gegnum þvottastöðina, en það hafi álitsbeiðandi ekki gert. Í umræddri

Þvottastöð séu notaðir svampar sem fara um bílinn og þvo hann, en fyrst sé sápa sett á bifreiðina svo svamparnir farið mjúklega um lakkið á henni. Svampar stöðvarinnar séu þrífir reglulega og eins séu allar bifreiðar sem fari í gegn um stöðina tjöruhreinsaðir og háþrýstipvegnar áður en farið sé inn í stöðina, svo bifreiðin fari ekki tjörguð inn. Segir seljandi að í mati frá starfsmanni réttingar- og sprautuverkstæðis, sem fylgir álotsbeiðni, sé talið að hugsanlega gætu rákir á þaki bifreiðar álotsbeiðanda verið eftir burstahár sem séu hlaðin óhreinindum, en engin burstahár séu notuð á þvottastöð seljanda og, líkt og komið hafi fram, séu svampar þvegnir reglulega til að koma í veg fyrir að óhreinindi festist í þeim og að bifreiðar séu þrífir áður en þær fari í gegnum þvottavélina. Að lokum segir seljandi að rákir á lakki, líkt og í tilviki bifreiðar álotsbeiðanda, séu algengar eftir grófa þvottakústa, en auðvitað sé ekki hægt að fullyrða um það.

V

Athugasemdir álotsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álotsbeiðanda við andsvör seljanda kemur m.a. fram að, líkt og áður hafi verið bent á, séu rákirnar á bifreiðinni sem um ræði samhverfar, þ.e. að greina megi ákveðið munstur á þaki hennar, sem ekki geti verið eftir annað en áhald sem sé hringlaga og hafi viðkomu á þaki bifreiðarinnar. Segir álotsbeiðandi að þegar bifreiðin var þvegin á þvottastöðinni hafi hann greint smell á þakinu við þvottinn. Bendir álotsbeiðandi á að hann hafi lagt fram mat sérfræðings vegna málsins og telji sá aðili að rispurnar séu að öllum líkindum eftir þvottarúllu sem hafi verið hlaðin óhreinindum. Væru rákirnar eftir annað verkfæri væru þær vart samhverfar. Segir álotsbeiðandi að í bréfi seljanda sé látið að því liggja að þvottastöðin noti aðeins svampa, en ekki bursta. Segir álotsbeiðandi að engu að síður blasi það við öllum sem í gegnum stöðina fara að þar séu notaðar þvottarúllur sem snúist þegar bifreið er þvegin. Telur álotsbeiðandi engan vafa á því að þak bifreiðarinnar haf skemmt eftir heimsókn á þvottastöð seljanda. Segir álotsbeiðandi eftirfarandi styðja við þá fullyrðingu: Bifreiðin hafði aldrei áður farið á þvottastöð. Þak bifreiðarinnar var sprautað fyrir nokkrum árum og engar lakkskemmdir var að finna á því fyrir heimsóknina á þvottastöðina. Álotsbeiðandi hafi alltaf sjálfur þrifið bifreiðina og notað til þess svamp en ekki þvottakúst. Rákirnar sem um ræði hafi komið í ljós fljótlega eftir heimsókn á þvottastöðina. Þær séu sporöskjulaga og myndi ákveðið munstur. Ekki sé mögulegt að framkalla slíkt munstur með venjulegum þvottakústi.

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álotsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Sem fyrr greinir fór álotsbeiðandi með bifreiðina xx-000 á þvottastöð seljanda hinn 16. desember 2015. Þar fór bifreiðin í gegnum stöðina, sem er að mestu sjálfvirk en álotsbeiðandi sat við stýrið á meðan. Greiddi álotsbeiðandi kr. 2.990 fyrir þvottinn. Segir álotsbeiðandi að við þvottinn hafi hann heyrt smell í þaki bifreiðarinnar. Skömmu eftir þvottinn hafi síðan komið í ljós samhverfar rákir á þaki bifreiðarinnar. Fékk álotsbeiðandi fagmann til að skoða þak bifreiðarinnar, og sá taldi að rákirnar væru eftir óhreina þvottarúllu. Taldi fagmaðurinn einnig að heilsprauta þyrfti þakið til að lagfæra það, þar sem sumar rispurnar væru fremur djúpar. Krefst álotsbeiðandi þess að seljandi greiði fyrir sprautunina. Álotsbeiðandi hefur hafnað kröfum álotsbeiðanda með vísan til þess að aðrar bifreiðar hafi ekki orðið fyrir skemmdum sama dag og bifreið álotsbeiðanda, sem og að rispur á þaki bifreiðarinnar gætu

verið eftir venjulegan bílþvottabursta, og að þar sem þvottastöðin notist við svampa, en ekki burstahár í þvottarúllur sínar o.fl., sé ólíklegt að rákirnar eða rispurnar hafi komið til við þvott á bifreiðinni þar.

Í VI. kafla laga nr. 42/2000 um þjónustukaup er fjallað um tjón á eignum neytenda. Þar segir í 25. gr:

„Verði tjón á eignum neytanda þegar verk er unnið eða í tengslum við það eða hlutur sem afhentur hefur verið seljanda þjónustu glatast eða skemmist ber seljanda að bæta það tjón nema hann sanni að hann hafi ekki sýnt af sér vanrækslu.“

Í skýringum við greinina, sem fylgdu frumvarpi til laga nr. 42/2000 um þjónustukaup, segir m.a. að greinin eigi við óháð því hvort tjóni verið rakið til galla á þjónustu eða ekki og eins kemur fram að seljandi sé skaðabótaskyldur nema að hann sýni fram á að stafi ekki af vanrækslu hans. Kærunefndin telur, þrátt fyrir mótmæli seljanda, nægjanlega sýnt fram á það í málinu að bifreiðin xx-000 hafi orðið fyrir tjóni þegar hún var þvegin á þvottastöð seljanda hinn 16. desember 2015. Samkvæmt álitni sérfræðings, sem liggur fyrir í málinu, sé afar ólíklegt annað en að rákir á þaki bifreiðarinnar, sem eru samhverfar, hafi komið til við þvott í þvottastöð þar sem notaðar séu þvottarúllur. Þá telur sami aðili að nauðsynlegt sé að heilmála þak bifreiðarinnar. Kröfu álitsbeiðanda verður að líta á sem bótakröfu, að teknu tilliti til þess hver líklegur kostnaður við að heilsprauta þak á bifreið álitsbeiðanda sé, eru bætur metnar hæfilegar kr. 125.000.

VII

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 125.000

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir